

Miðvikudaginn 14. janúar 1959.

Nr. 187/1958. **Ingimar Jónsson**
 gegn
Einari Stefánssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun héraðsdóms hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 27. nóvember sl., er barst Hæstarétti 16. desember sl., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávisunardóm, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 20. nóvember sl. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Þegar litið er til gagna þeirra, sem sóknaraðili hefur lagt fram til stuðnings kröfum sínum í gagnsök í héraði, eru eigi efni til að vísa gagnsökinni í heild frá dómi. Að því er snertir tvær kvittanir á dómskjali 10 (fyrir kr. 4.500,00 og kr. 6.000,00), er rétt, að héraðsdómari samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936 kveðji málsaðilja fyrir dóm til nánari skýrslugjafar um gögn þessi.

Samkvæmt því, er nú var rakið, ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá ber og að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 800,00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðili, Einar Stefánsson, greiði sóknaraðilja, Ingimar Jónssyni, kr. 800,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. nóvember 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Einar Stefánsson, múrarmeistari hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 13. marz 1953, gegn Ingimar Jónssyni, húsgagnasmíðameistara hér í bænum, til greiðslu á skuld, að eftirstöðvum kr. 3.609,24, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Enn fremur hefur stefndi höfðað gagnsök með stefnu, út gefinni 7. nóvember 1953, og krafizt þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 24.728,36 með 6% ársvöxtum frá 31. desember 1952 til greiðsludags auk málskostnaðar í gagnsök.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Málavextir eru þeir, að gagnstefnandi og annar maður hófu að byggja íbúðarhús að Ægisíðu 72 hér í bæ í júnímánuði 1952, og höfðu þeir ráðið aðalstefnanda til þess að sjá um múrvinnu við húsið og til þess að ráða menn til hennar. Nokkru eftir að undirbúningsvinna hófst, hætti félagi gagnstefnanda við húsbygginguna, og var hún síðan á vegum gagnstefnanda eins, en hann samdi við aðalstefnanda um að halda áfram starfinu. Verki aðalstefnanda virðist hafa verið lokið um áramót 1952—1953, og samkvæmt skuldaryfirlýsingu gagnstefnanda, dags. 1. febrúar 1953, skuldaði hann aðalstefnanda kr. 3.609,24, og hefur aðalstefnandi höfðað mál þetta til heimtu þeirrar fjárhæðar.

Krafa aðalstefnanda byggist á því, að hann hafi átt hjá gagnstefnanda kr. 7.609,24 fyrir störf sín við húsbygginguna, en því til frádráttar hafi átt að koma húsgögn fyrir kr. 4.000,00, er hann hafði fengið hjá gagnstefnanda.

Gagnstefnandi byggir sínar kröfur á því, að hann hafi fengið dómkvadda hinn 26. janúar 1953 tvo matsmenn, er meta skyldu múrvinnu, járnlögn og hreinsun á timbri við byggingu framangreinds húss. Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dagsett hinn 16. febrúar s. á. og nemur kr. 56.444,00. Að beiðni gagnstefnanda voru dómkvaddir yfirmatsmenn hinn 27. marz s. á., og mátu þeir verk aðalstefnanda á kr. 55.883,00 samkvæmt matsgerð, dags. 28. sept. 1953. Gagnstefnandi telur sig hafa greitt aðalstefnanda kr. 82.420,36 fyrir verk hans og telur sig því eiga hjá honum mismuninn á þeirri fjárhæð og yfirmatinu, þ. e. kr. 26.537,36. Hins vegar viðurkennir hann, að aðalstefnandi hafi lagt út kr. 7.609,00, en að frá þeirri fjárhæð beri að draga kr. 5.800,00 fyrir húsgögn

þau, er hann hafi afhent aðalstefnanda. Mismun þeirra fjárhæða, kr. 1.809,00, beri að draga frá framantalinni ofgreiðslu, og kemur þá út krafa hans í gagnsökinni, kr. 24.728,36.

Mál þetta var munnlega flutt og dómtekið hinn 19. september 1956. Að því loknu kvað bæjarþingið upp úrskurð, svo hljóðandi:

„Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt með vísan til 120. gr. einkamálalaganna að veita aðiljum kost á að afla eftirtalinna gagna:

1. skýrslna aðilja fyrir dómi um það, hver háttur var á hafð-ur um greiðslur til aðalstefnanda fyrir verk þau, er um ræðir í málinu,
2. skýrslu gagnstefnanda fyrir dómi um það, hve mikið fé hann hafi greitt aðalstefnanda samtals fyrir nefnd verk,
3. annarra þeirra gagna, er framangreindar skýrslur kunna að gefa efni til.

Því úrskurðast:

Aðiljum er veittur kostur á öflun framantalinna gagna svo fljótt sem unnt er.“

Af úrskurði þessum mátti ljóst vera, að kröfur gagnstefnanda í gagnsök þóttu þurfa aukinna skýringa og rökstuðnings, áður en unnt væri að leggja dóm á þær. Gagnstefnandi hefur hins vegar ekki hirt um að koma slíkum gögnum að í málinu, og þykir því rétt að vísa gagnsökinni sjálfkrafa frá dómi. Rétt þykir og, að málskostnaður falli niður í gagnsök, enda hefur gagnstefndi ekki heldur lagt fram nein gögn þess eðlis, sem framangreindur úrskurður fjallaði um.

Dóminn kváðu upp þeir Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Björn Rögnvaldsson húsasmíðameistari og Einar Sveinsson múrarameistari.

Dómsorð:

Gagnsökinni í máli þessu er vísað frá dómi sjálfkrafa, en málskostnaður í henni felldur niður.
